

Gegnir – Árslokátölfræði og topplistar 2024

Í árslokátölfræðinni eru settar fram mælanlegar stærðir í Gegni svo sem fjöldi útlána, lánþega, eintaka og titla á ársgrundvelli. Í þessari samantekt er fyrst og fremst verið að greina áþreifanlegt efni og notkun þess. Útlán háskólabókasafna ásamt Landsbókasafni Íslands hafa dregist mikið saman enda hafa þau byggt upp rafrænan safnkost til að þjónusta sína lánþega. Í þessa tölfræði vantar talningu á notkun rafræns safnskots og því endurspeglar tölurnar ekki nægjanlega starfsemi háskólabókasafnanna. Vonandi verður greining á safnkosti og notkun á rafrænum safnkosti hluti af árslokátölfræði næsta árs.

Árslokátölfræðin og topplistar fyrir aðildarsöfn Gegnis 2024 eru aðgengileg í starfsmannaögangi Gegnis, sjá leiðbeiningar um tölfræði á þjónustugátt Landskerfis bókasafna, <https://gegner.freshdesk.com/support/solutions/folders/103000624622>

Tafla 1: Lykiltölur fyrir Gegni 2024

Tegund	2024
Eintök	5.775.174
Útlán	2.269.832
Titlar	1.245.158
Lánþegar	151.486

Við kerfisskiptin í júní 2022 varð rof á söfnun og samantekt á tölfræði Gegnis. Heildartölur voru teknar saman eftir bestu getu en það vantaði upp á að gott yfirlit næðist. Upplýsingar um útlán voru áræðanlegar en upplýsingar um eintök og lánþega voru ekki stöðugar því að talningin breyttist eftir því hvenær tölfræðin var skoðuð. Til að koma í veg fyrir aflögun tölfræðiupplýsinganna hefur högun tölfræðivinnslunnar verið breytt með því að afrita helstu upplýsingar og geyma í sérstökun gagnagrunni fyrir utan bókasafnskerfið. Það má segja að högunin sé nú sambærileg við það sem var í gamla Gegni þar sem vinnsla fór í svokölluðu vörhúsi gagna.

Við vinnslu árslokátölfræðinnar er nauðsynlegt að taka afrit af öllum gögnum um áramót. Það var gert eftir bestu getu en þó varð í sumum tilvikum að afrita gögnin eftir áramót. Vert er að hafa í huga að upplýsingar um titla voru teknar úr kerfinu 17. janúar. Það að upplýsingar séu afritaðar eftir áramót þýðir ekki að talningin miðist ekki við áramótin heldur miðast breytingar á viðkomandi breytu (t.d. eintaki) við afritunardag. Til

dæmis eintak sem var flutt í nýja safndeild áður en að afritið var tekið þá tilheyrir eintakið þeirri safndeild en ekki safndeildinni sem eintakið var í um áramótin.


Það eru mismunandi skýrslur fyrir hvern flokk eða hverja tegund af tölfræði. Enn vantar upp á fjölbreytni í tölfræðiskýrslum en það verður smám saman bætt við. Þessa stundina er t.d. verið að vinna skýrslu ný- og afskráð eintök.

Tafla 2: Árslokátölfræði - Tegund skýrslna 2024

Tegund skýrslna	Fjöldi
Eintök	9
Útlán	9
Lánþegar	7
Topplistar	3
Titlar	1

Þegar helstu lykiltölur fyrir Gegni eru skoðaðar frá 2006 til 2024 sést að það var mikil aukning í öllum flokkum. Fjótlega dregur þó úr útlánnum. Í Covid 2020 var hrun í útlánunum og það virðist vera sem að sá samdráttur sé komin til að vera.

Mynd 1 : Gegni: fjöldi titla, eintaka og útlána 2007 - 2024




Útlán

Heildarútlán haldast í horfinu eftir hrun á Covid árunum. Rafrænn safnkostur er ríkjandi í háskólunum og þar af leiðandi hafa útlánatölur á áþreifanlegu efni hrapað þar.

Tafla 3: Fjöldi útlána eintaka og titla í Gegni 2018 - 2024

Ár	Útlán	Eintök	Titlar
2018	3.076.653	5.956.964	1.255.868
2019	3.130.075	5.893.002	1.285.496
2020	2.423.285	5.881.064	1.272.530
2021	2.723.820	5.847.255	1.269.424
2022	2.342.939	5.818.934	N/A
2023	2.279.376	5.829.591	1.298.700
2024	2.269.832	5.775.174	1.245.158

Mynd 2: Útlán í Gegni 2018- 2024



Lánþegar

Hvernig á að telja lánþega er sérstakt álitaefni þegar horft er á allt landið svo að hér verða settar fram nokkrir vinklar. Högun kerfisins felur í sér að hver lánþegi er skráður í hvern þann safnakjarna sem viðkomandi hefur réttindi í einu eða fleiri söfnum. Til dæmis er lánþegi sem er með réttindi í Bókasafni Árborgar og Amtsbókasafninu á Akureyri talinn einu sinni í safnakjarnanum Almenningsbókasöfn. Sé þessi sami lánþegi með gilt skírteini í Landsbókasafni (safnakjarni Landsbókasafn) er viðkomandi talinn aftur o.s.frv.

Í skýrslunum er bæði hægt að skoða virka lánþega og skráða lánþega. **Skráðir** lánþegar áttu gild lánþegaréttindi í safninu 31. desember óháð því hvort þeir fengu áþreifanleg gögn lánuð á árinu en **virkir** lánþegar eru þeir sem fengu lánað á árinu. Fjöldi skráðra lánþega getur verið mun hærri en fjöldi virkra lánþega, þetta á sérstaklega við um þá safnakjarna þar sem nemendalistar eru keyrðir inn en það eru skólar á öllum skólastigum. Því eru margir sem eiga gild réttindi í safni en nota þau aldrei til að fá lánuð (áþreifanleg) gögn á safni en nýta sér rafrænan safnkost. Athugið að þessi talning er sambærilegust við fyrri talningar í gamla Gegni.

Virkir lánþegar lýsa vel umfangi almennings-, grunn- og framhaldsskólabókasafna. Öðru máli gegnir um háskólana, heilbrigðisvísindasöfn og sérfræðisöfn. Í þessum hópum hafa hefðbundin útlán hrapað þar sem virki safnkosturinn er að mestu leyti orðinn rafrænn. Skráðir lánþegar segja þar til um umfangið, til dæmis er Landsbókasafn með 13.296 skráða lánþega en einungis 2,474 fengu lánað áþreifanlegt efni á safninu.



Tafla 4: Lánþegar í Gegni 2024 – mismunandi forsendur

Skráðir lánþegar <i>Samtala allra safnakjarna</i>	Virkir lánþegar (fengu lánað) <i>Samtala allra safnakjarna</i>	Fengu lánað áþreifanlegt efni <i>Fjöldi kennitalna</i>
151.775	110.952	96.418

Eins og áður sagði hefur högun kerfisins víðtæk áhrif á heildartalningar. Eitt bókasafnskort gildir fyrir öll almenningsbókasöfnin á Höfuðborgarsvæðinu, þ.e.a.s. Borgarbókasafns Reykjavík og bókasöfnin í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Kerfislega er samstarfið framkvæmt með því að um leið og lánþegi fær lánþegaréttindi í einu af þessum söfnum uppfærast heimildir hans í öllum söfnunum. Þess vegna eru öll söfnin á Höfuðborgarsvæðinu með jafn marga skráða lánþega eða 30.921 í lok árs 2024. Hinsvegar sýna skýrslurnar yfir fjölda virkra lánþega aðeins þá sem fengu áþreifanleg gögn lánuð á hverju safni.

Skipting útlána eftir kyni er ójöfn. Í skólabókasöfnum er hlutfallið nokkuð jafnt þó halli á karla þar sem fleiri konur starfa í skólum heldur en karlmenn. Þegar horft er á kynsamsetningu í almenningsbókasöfnum er um það bil 2/3 hlutar virkra lánþegana konur. Myndir 3 og 4 sýna vel þennan mismun en þar er annars vegar horft á almenningsbókasöfn og hins vegar framhaldsskólabókasöfn.

Mynd 3 og 4: Virkir lánþegar eftir kyni 2024 í almenningsbókasöfnum og í framhaldsskólum



Titlar

Fjöldi titla hefur dregist töluvert saman eða um 53.542 titla og er ástæða þess margvísleg. Ein ástæðan er breytt vinnulag en í gegnum tíðina hefur verið hlaðið inn rafbókarpökkum með bókfræðifærslum í Gegni frá ýmsum gagnasöfnum, t.d. útgefnu efni frá OECD og Oxford Law. Nú er komin ný tækni og mögulegt að virkja þessa rafbókapakka, eins og annað áskriftarefni, til að gera aðgengilegt í leitir.is. Það felst mikill vinnusparnaður í því að virkja heilu gagnasöfnin sem tryggir um leið réttar upplýsingar og aðgang á hverjum tíma. Við þetta flyst ábyrgðin einnig frá bókasöfnum til gagnaveitenda eins og OECD. Árið 2024 var farið í átak til að hreinsa upp og eyða þessum gömlu bókfræðifærslum ásamt forða og var eytt út 7.587 bókfræðifærslum.

Önnur ástæða er sameining safna og má nefna flutning safna eins og bókasafns Menntavísindasvið Háskóla Íslands til Landsbókasafns og flutning og sameiningu bókasafna Listaháskólans. Þriðja og væntanlega megin ástæðan er vitunarvakning um að grisja safnkostinn.

Eintök

Eintökum í kerfinu fækkar um 43.760 á milli ára. Það verður að teljast töluverða fækkun en samt sem áður er áhugavert að titlum hefur fækkað meira heldur en eintökunum en það má rekja til grisjunar á rafrænum safnkosti. Almennt hefur verið mikil vakning í því að grisja safnkostinn og hafa nokkur stór söfn gert átak í grisjun, auk þess sem að söfn hafa verið sameinuð.

Topplistar

Topplistar fyrir 2024 eru einnig aðgengilegir í starfsmannaaðgangi Gegnis. Topplistar byggja á „útlánum“ en ekki „út- og endurlánum“. Röðun titla helst nokkurn veginn óbreytt hvort sem litið sé á „útlán“ eða „út og endurlán“.

Mögulegt er að velja topplista eftir efnistegund, markhóp eða bókmenntaformi. Þetta eru gildi í svokölluðu 008 stýrisviði í bókfræðifærslunni. Það er oft matsatriði hvernig eigi að kóða efni, t.d. getur verið erfitt að gera greinarmun á barna- og unglingsæfni.

Vinsælustu bækurnar fyrir Gegni sem heild eru samkvæmt hefðinni barnabækur. Vinsælasti titillinn er *Hundmann : flóadróttins saga* eftir Dav Pilkey með 3.974 útlán en hinar ýmsu *Hundmann* og *Kattmann* bækur koma í kjölfarið og verma 6 efstu sætin. Vinsælustu íslensku barnabókahöfundarnir eru án efa Yrsa Þöll Gylfadóttir og Þórunn Arna með bækur í léttlestrar bókaflokkum *Bekkurinn minn* en þar tróna hæst *Prumpusamlökan* og *Bumba er best* og Bjarni Fritzson með *Salka : hrekkjarvaka* og *Orra óstöðvandi : hefnd glæponanna*.

Mynd 5: Mest lánuðu bækurnar 2024 er Hundmann



Tafla 5 : Bækur : mest lánuðu bækurnar 2024 (Allt barnabækur)

Fjöldi útlána	Titill	Höfundur
3.974	Hundmann : flóadróttinssaga	Dav Pilkey
3.861	Hundmann og Kattmann	Dav Pilkey
3.795	Hundmann : taumlaus	Dav Pilkey
3.576	Hundmann	Dav Pilkey
3.525	Kattmann myndasöguklúbbur	Dav Pilkey
3.434	Hundmann : tveggja katta tal	Dav Pilkey
3.340	Dagbók Kidda klaufa : rokkarinn reddar öllu	Jeff Kinney
3.072	Dagbók Kidda klaufa	Jeff Kinney
3.000	Dagbók Kidda klaufa : meistarinn	Jeff Kinney
2.917	Prumpusamloka!	Yrsa Þöll Gylfadóttir

Mest lánaða íslenska skáldsagan er *Heim fyrir myrkur* eftir Evu Björg Ægisdóttur sem er í 39. sæti yfir mest lesnu bækurnar. Þar á eftir kemur *Snjór í Paradís* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og *Hvíta logn* eftir Ragnar Jónasson

Mynd 6: Mest lánuðu íslensku skáldsögurnar 2024



Tafla 6: Íslenskar skáldsögur : mest lánuðu bækurnar 2024

Fjöldi útlána	Titill	Höfundur
2.132	Heim fyrir myrkur	Eva Björg Ægisdóttir
1.785	Snjór í paradís	Ólafur Jóhann Ólafsson
1.751	Sæluríkið	Arnaldur Indriðason.
1.715	Hvíta logn	Ragnar Jónasson
1.712	DJ Bambi	Auður Ava Ólafsdóttir
1.561	Frýs í æðum blóð	Yrsa Sigurðardóttir.
1.526	Valskan	Nanna Rögnvaldardóttir
1.400	Dauðadjúp sprunga	Lilja Sigurðardóttir
1.341	Ból	Steinunn Sigurðardóttir
1.341	Deus	Sigríður Hagalín Björnsdóttir

Fljótt á litið hefur dregið úr útlánum á vinsælum þýddum skáldsögum og má það væntanlega rekja til meiri notkunar á Rafbókasafninu og rafbókaveitunni Storytell.

Tafla 7: Þýddar skáldsögur – mest lánuðu bækurnar 2024

Fjöldi útlána	Titill	Höfundur
1.315	Nú ertu kominn aftur	Jill Mansell
1.313	Sólarsystirin	Lucinda Riley
1.266	Vöfluhúsið í fjöllunum	Karin Härjegård
1.237	Miðnæturrósín	Lucinda Riley
1.221	Lífshættulegt loforð	Angela Marsons
1.214	Lykillinn	Kathryn Hughes
1.213	Kalmann og fjallið sem svaf	Joachim B. Schmidt
1.171	Týnda systirin	Lucinda Riley
1.136	Bústaðurinn við ströndina	Sarah Morgan
1.120	9. nóvember	Colleen Hoover

Smábarnabækur eru kóðaðar sérstaklega. Þar er eins og með barnabækurnar að þýddar bækur eru í topp sætunum. Vinsælasta bókin eftir íslenskan höfund er Ljónsi eftir Birgittu Haukdal en hún lenti í 19 sæti.

Tafla 8: Smábarnabækur : mest lánuðu bækurnar 2024

Fjöldi útlána	Titill	Höfundur
508	Vetrarævintýri Gurru	Lauren Holowaty
465	Krókóðillinn sem þoldi ekki vatn	Gemma Merino
406	Frozen : leitum og finnum	Veronica Wagner
384	Lúlli	Ulf Löfgren
380	Lúlli og Gunna	Ulf Löfgren
380	Toy Story 4 : leitum og finnum	Erin Rose Wage, Art Mawhinney
353	Komum á koppinn	Andri Karel Ásgeirsson
337	Pési og Pippa : litli pollurinn	Camilla Reid, Axel Scheffler
325	Sögutaskan mín	Isabelle Chauvet

Þegar horft er á bókamenntaformið „Ekki skáldverk“ fáum við listann í töflu 9. Frábærir fótþakappar eru í efstu sætunum og síðan koma Minecraft handbækur. Að lokum kemur *Gíslasaga* (sem kennslubók í framhaldsskóla) og *Morðin í Dillonshúsi* sem er ævisögulegt efni. Það vakti undrun mína að sjá ekki *Sveindís Jane : saga af stelpu í fótþak* í liði með þessum fótþaksnillingum en það skýrist af því að hún er flokkuð með barnabókum.

Tafla 9: Bókmenntaform = Ekki skáldverk : mest lánuðu bækurnar 2024

Fjöldi útlána	Titill	Höfundur
2.902	Mbappé er frábær	Simon Mugford, Dan Green
2.686	Messi er frábær	Simon Mugford, Dan Green
2.225	Haaland er frábær	Simon Mugford, Dan Green
2.173	Salah er frábær	Simon Mugford, Dan Green
2.148	Minecraft : byrjendahandbók	Stephanie Milton
2.013	Minecraft : bardagahandbók	Stephanie Milton
1.970	Minecraft : rauðsteinshandbók	Nick Farwelll
1.531	Gísla saga : stytta og endursögð	Endursögn: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
1.279	Minecraft : byggingarhandbók	Matthew Needler og Phil Southam
1.043	Morðin í Dillonshúsi : örlagasaga mæðgnanna Sigríðar Ögmundsdóttur og Huldu Karenar Larsen	Sigríður Dúa Goldsworthy

Eðli málsins samkvæmt eru tímarit mest lánaða efnið í Gegni enda eru til mörg tölublöð á söfnunum sem hægt er að lána út. Vinsælasta tímaritið 2024 var *Vikan* með 7.257 útlán en næst á eftir var hin sívinsæla *Myndasögusyrpa* með 6.597 útlán.

Tafla 10: Tímarit : mest lánuðu tímaritin 2024

Fjöldi útlána	Titill
7.257	Vikan.
6.597	Myndasögusyrpa = Syrpa
4.204	Hús og híbýli
3.044	Andrés Önd
2.934	Alt for damerne
2.403	Hendes verden
2.313	Gestgjafinn : tímarit um mat
2.296	Bo bedre
2.068	Lifandi vísindi
1.782	Norsk ukeblad

Rafbókasafnið


Öll almenningsbókasöfn í Gegni eru aðildarsöfn í Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna hf og almenningsbókasafnanna, undir forystu Borgarbókasafns Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er að bjóða almenningi upp á aðgang að fjölbreyttu úrvali raf- og hljóðbóka. Rafbókasafnið byggir á

rafbókaveitunni OverDrive. Árið 2024 bættust tímarit við aðgengilegan safnkost og er óhætt að segja að þau hafa slegið í gegn, þau voru 20.745 eða þriðjungur af öllum útlánnum Rafbókasafnsins á árinu. Vinsælasta tímaritið var *New Yorker*.

Tafla 11: Rafbókasafnið – útlán 2019 – 2024

Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Heildarfjöldi útlána	23.613	28.979	27.329	25.422	29.769	60.532
Þar af íslensk efni	N/A	N/A	2.923	3.046	4.106	6.784

Mynd 7: Útlán Rafbókasafnsins 2021 - 2024




Útlán Rafbókasafnsins hafa tvöfaldast á milli ára. Þar vega þyngst tímarit, sem er nýtilkomin viðbót.

Tafla 12: Rafbókasafnið, ýmsir mælikvarðar 2023 og 2024

Mælikvarðar	2024	2023
Notendur alls	9.532	8.257
Nýir notendur	1.275	958
Fjöldi titla	13.186	11.734
Tímarit	1.005	0
Hljóðbækur	3.805	3.442
þ.a. íslenskar hljóðbækur	696	648
Rafbækur	8.376	8.292
þ.a. íslenskar rafbækur	828	826
Heildarfjöldi útlána	60.532	29.769

Hljóðbækur	28.336	20.142
þ.a. íslenskar hljóðbækur	5.169	2.720
Rafbækur	11.451	9.627
þ.a. íslenskar rafbækur	1.615	1.386
Tímarit	20.745	0

Mynd 8: Útlán Rafbókasafnsins 2024 eftir mánuðum og tegund efnis, þ.e.a.s. hljóðbækur, rafbækur og þar af á íslensku.



Upplýsingar um heildarútlán fyrri ára má sjá hérna: <https://landskerfi.is/tolur-um-rafbokasafnid/tolur-um-rafbokasafnid>

Leitir.is


Leitir.is er leitargátt sem heldur utan um efni í íslenskum bóka-, lista-, minja- og ljósmyndasöfnum. Hægt er að finna bækur, tímarit, tímaritsgreinar, tónlist, myndefni, muni, listaverk, ljósmyndir og fleira. Það má í raun segja að uppruni gagnanna í leitir.is sé þrjúþættur. Í fyrsta lagi er það Gegnir en leitir.is og Gegnir eru kerfilega samþætt. Í öðru lagi eru ytri gagnasett eins og Sarpur, menningarsögulegt gagnasafn.

Tafla 13: Ytri gagnasett og fjöldi færslna í leitir.is 2024

Gagnasett	Fjöldi færslna
Sarpur	1.196.917
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	68.753
Skemman	47.760
Nordiska Afrika institutet	6.170

Í þriðja lagi eru gagnasöfn og pakkar sem eru virkjuð í kerfinu. Þetta eru fyrst og fremst áskriftarefni landsaðgangs um rafrænar áskriftir. Í þessum tölum er ekki taldar með séráskriftir háskólanna þar sem þær eru einungis virkjaðar í safnakjörnum einstakra háskóla.

Mynd 9: Leitir.is, samsetning gagna 2024



Tafla 14: Leitir.is - Topp tíu erlendu gagnasöfnin í áskrift (virkjuð)

Gagnasöfn	Fjöldi færslna
ProQuest Central	30.586.234
Elsevier ScienceDirect Journals	8.685.590
Elsevier SD Freedom Collection Journals [SCFCJ]	7.633.286
SciTech Premium Collection	7.031.948
DOAJ Directory of Open Access Journals	6.007.219
PubMed Central	4.447.706
SpringerLink Journals	2.407.163
SpringerLink Contemporary (1997 - Present)	2.195.382
Social Science Premium Collection	2.035.022
Wiley Online Library Full Collection 2016	971.309
Springer Nature OA Free Journals	519.630

Lokaorð

Það er mikil krafa um góða tölfræði sem stjórnþæki til að aðstoða bókasöfnin við daglegan rekstur. Unnið er að því að bæta tölfræðina bæði hvað varðar kerfislega högun og eins fjölbreyttari skýrslur. Næstu misserin verður unnið að endurskoðun á högun tölfræðivinnslunnar og á meðan að á því stendur verður ekki mögulegt að bæta við skýrslum. Það er til mikið af ábendingum og tillögum um nýjar skýrslur og verður þeim fyrst forgangsraðað eftir endurskoðun á kerfislegri högun tölfræðinnar.

Endilega skoðið hinar margvíslegu tölfræðiskýrslur og látið okkur vita ef þið teljið að upplýsingarnar séu ekki réttar.